

**Ed.**

**127. Tillaga**

til þingsályktunar um bættu landhelgisgæzlu við austur- og norðausturströnd landsins.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason, Páll Hermannsson, Björn Kristjánsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að haldið verði uppi fullkonnari landhelgisgæzlu við austur- og norðausturströnd landsins en verið hefir hin síðustu missiri.

**Greinargerð.**

Ágengni togara í landhelgi við Austfirði og norðausturland hefir aukizt svo freklega á liðnu sumri, að við verður eigi unað, að svo haldi áfram. Verða í framsögu færð fram dæmi því til sönnunar.